

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu- 82**  
**mannsins í Ísafjarðarsýslu, um órjettmæta kröfu dvalarsveitar 22. sept.**  
**barnsmóður (Vindhælishrepps) á hendur framfærslusveit barns-**  
**föður (Grunnavíkurhreppi) útaf greiðslu tveggja ára barnsmeðlags**  
**til barnsmóður.**

Með brjefi dags. 24. f. m. hefir sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu vegna Vindhælishrepps beiðst aðstoðar ráðuneytisins til að fá endurgreiddar hjá Grunnavíkurhreppi 832 kr. Er upphæð þessi meðlagsfúlgur fyrir árin 29. maí 1924 til 29. maí 1926, sem Jóni Halldóri Sigurðssyni, sveitlögum í Grunnavíkurhreppi, ber að greiða með óskilgetnu barni sínu, Sigríði Pálinu Húnfjörð, fæddri 29. maí 1924, og stúlkunnar Guðrúnar Oddsdóttur að Króki á Skagaströnd, og barnsfararkostnaður og styrkur barnsföður til barnsmóður vegna sama barns kr. 132, alt samkv. meðlagsúrskurði útg. af lögreglustjóranum í Reykjavík, 27. nóv. 1925.

Samkv. vottfastri yfirlýsingu barnsmóður, hefir hún fengið alla upphæðina greidda í einu lagi 14. apríl þ. á. af sveitarsjóði Vindhælishrepps, en samkv. 26. gr. og 31. gr. laga nr. 46 frá 27. júní 1921 bar dvalarsveit barnsmóður, Vindhælishreppi, ekki skylda til að greiða barnsmóður þá með endurgreiðslurjetti hjá framfærslusveit barnsföður nema meðlagið fyrir eitt ár, þ. e. meðlagsárið 29. maí 1925 til 29. maí 1926, og getur því ekki orðið lagt fyrir grunnavíkurhrepp að endurgreiða nema þessa árs fúlgu með kr. 350,00.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps, er ber að endurgreiða án tafar þessar 350 kr.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til bæjar- 83**  
**fógetans á Siglufirði, um tilkynningarskyldu útibús hlutafjelds 8. oktbr.**  
**firrnaskrár eða hlutafjelagaskrár.**

Með símskeytum, dags. 19. f. m. og 1. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, tjáð ráðuneytinu, að þjer teljið hlutafjeldið Bakka í Reykjavík tilkynningarskylt í umdæmi yðar, samkvæmt fimalögnum og 13. gr. hlutafjelagalaganna, með því að það hafi útibú á Siglufirði, og beiðst álits ráðuneytisins um málið.